

# Greiðslutegundir lífeyrstrygginga - júlí 2008

Ef greiðsla grunnlífeyris er ekki fyrir hendi vegna tekna þá greiðast ekki tengdir bótaflokkar.

Greiðslutegundir	Tekjur	Mán.gr.	Skerðing byrjar		Greiðslur falla niður		Skerðing
			Fritekjumark	Núllmark	ár	mán.	
<b>Ellilífeyrir</b>		kr.	ár	mán.	ár	mán.	%
Ellilífeyrir	1	26.728	2.349.653	195.804	3.632.597	302.716	25
Tekjutrygging - grunnregla	4	84.344	0	0	<b>Sjá skýringu 4</b>		38,35
Tekjutrygging - samanburður við mars 2008	5	84.344	0	0	<b>Sjá skýringu 4</b>		38,35
Heimilisuppbót	4	24.856	0	0	2.639.575	219.965	11,30
Uppbót á lífeyri - 5 til 140% af lífeyri	6				2.175.000	181.250	
<b>Hámarksupphæð án uppbóta</b>		<b>135.928</b>					

<b>Örorku-/endurhæfingarlífeyrir</b>		kr.	ár	mán.	ár	mán.	%
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir	2	26.728	2.349.653	195.804	3.632.597	302.716	25
Aldurstengd örorkuuppbót 100%	3	26.728					
Tekjutrygging - grunnregla	4	85.592	0	0	<b>Sjá skýringu 4</b>		38,35
Tekjutrygging - samanburður við mars 2008	5	85.592	0	0	<b>Sjá skýringu 4</b>		38,35
Heimilisuppbót	4	24.856	0	0	2.679.892	223.324	11,13
Uppbót á lífeyri - 5 til 140% af lífeyri	6				2.175.000	181.250	
<b>Hámarksupphæð án uppbóta</b>		<b>163.904</b>					

<b>Annað</b>		kr.	ár	mán.	ár	mán.	%
Örorkustyrkur	2	19.760	2.349.653	195.804	3.614.293	301.191	18,75
Uppbót v/reksturs bifreiðar	7	9.880					
Vasapeningar	8	38.225	0	0	705.692	58.808	65

## Útskýringar á tekjutengingum:

### 1. Ellilífeyrir

Allar skattskyldar eigin tekjur hafa áhrif á útreikning nema bætur almannatrygginga, félagsleg aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, tekjur úr lífeyrissjóðum og séreignarlífeyrissparnaður. Fjármagnstekjur umfram 90.000 kr. veða 50%. Tekjur maka skerða ekki. Tekjur 70 ára og eldri af atvinnu koma ekki til skerðingar. **(Ath. 90.000 kr. frítekjumark fjármagnstekna gildir frá 1. janúar 2007).**

### 2. Örorkulífeyrir, endurhæfingarlífeyrir og örorkustyrkur

Allar skattskyldar eigin tekjur hafa áhrif á útreikning nema bætur almannatrygginga, félagsleg aðstoð, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, tekjur úr lífeyrissjóðum og séreignarlífeyrissparnaður. Fjármagnstekjur umfram 90.000 kr. veða 50%. Tekjur maka skerða ekki.

### 3. Aldurstengd örorkuuppbót

Þessar greiðslur eru ekki tekjutengdar en grunnlífeyrir verður að vera fyrir hendi.

### 4. Tekjutrygging samkvæmt grunnreglu og heimilisuppbót

Allar skattskyldar eigin tekjur hafa áhrif á útreikning nema bætur almannatrygginga, félagsleg aðstoð og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga Fjármagnstekjur umfram 90.000 kr. veða 50%. Tekjur 70 ára og eldri af atvinnu koma hvorki til skerðingar hjá greiðsluþegum né mökum þeirra. **Örorkulífeyrisþegar njóta 300.000 frítekjumarks á tekjur úr lífeyrissjóði.**

Val milli 1.200.000 kr. frítekjumarks og 60% reglu. Lífeyrisþegi getur valið að hafa 1.200.000 kr. frítekjumark vegna atvinnutekna eða telja 60% af atvinnutekjum til tekna við útreikning tekjutryggingar. Tölvukerfi TR velur alltaf sjálfkrafa hagkvæmari kostinn.

Draga skal tekjuskerðingu grunnlífeyris frá tekjuskerðingu tekjutryggingar. Þetta leiðir til þess að núllmark tekjutryggingar er mismunandi eftir því hvort og þá hversu mikil skerðing grunnlífeyris er. Núllmark er það tekjumark sem greiðslur falla niður við.

	Lægsta núllmark	á ári	á mánuði	Hæsta núllmark á ári	á mánuði
Tekjutrygging ellilífeyrisþega		2.639.186	219.932	3.475.494	289.625
Tekjutrygging örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega		2.678.237	223.186	3.514.545	292.879

### Tekjuskerðing vegna tekna maka fellur niður frá 1. apríl 2008 gagnvart grunnreglu.

### 5. Tekjutrygging samkvæmt samanburðarreglu

Ef réttur samkvæmt reglum frá mars 2008 er hærri en samkvæmt núgildandi forsendum þá skal greiða samkvæmt þeirri reglu. Ef samanlagður réttur til grunnlífeyris og tekjutryggingar samkvæmt reglum frá desember 2006 er hærri en samkvæmt núverandi reglum þá greiðist mismunurinn þar á, sem sérstök viðbót við tekjutryggingu í formi sérstakrar samanburðargreiðslu. Ef greiðslur eru miðaðar við eldri reglur þá reiknast vægi tekna miðað við þær reglur. Það sama á við um tengingar við tekjur maka.

### 6. Uppbót á lífeyri - 5 til 140% af lífeyri

Uppbætur falla niður ef eignir í peningum og verðbréfum fara yfir 4 milljónir. 8 milljónir ef um hjón er að ræða.

### 7. Uppbót v/reksturs bifreiðar

Þessar greiðslur eru ekki tekjutengdar en grunnlífeyrir verður að vera fyrir hendi.

### 8. Vasapeningar

Sama og varðandi elli- og örorkulífeyri nema hvað lífeyrissjóðstekjur koma líka til skerðingar.